

Fundur haldinn í fjallskilanefnd Reykhólahrepps þann
11. júní 2009 kl. 10:00

Mættir: Einar Hafliðason, Kristján Þór Ebbenzersson, Tómas Sigurgeirsson,
Þráinn Hjálmarsson og Óskar Steingrímsson, fundarritari.

Einar setti fund og bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. Endurskoðun fjallskilareglugerðar fyrir Reykhólahrepp.

Nefndin telur að hagræðing gæti verið í því að semjna sameiginlega fjallskilareglugerð fyrir stærra svæði en Reykhólahrepp og taka t.d. Strandabyggð með. Nefndin vísar erindinu til hreppsnefndar.

2. Fjallskil haustið 2009.

Nefndin telur til mikilla bóta að fá leyfi til þess að koma fyrir aðhaldi við Högnavatn á Þorskafjarðarheiði fyrir næstu haustsmölun. Sveitarstjóra falið að athuga möguleika á leyfi fyrir framkvæmdinni.

Stemmt skal að smölun á Þorskafjarðarheiði og Djúpi eigi síðar en fyrstu helgina í september.

Nefndin tekur vel í þá hugmynd að skilarétt verði komið upp í nágrenni Hjalla í Þorskafirði. Með nýrri skilarétt á þessum stað mun smalamennska verða mun auðveldari. Tómasi falið að vinna áfram að málinu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:20.

Einar Hafliðason (sign)

Kristján Þór Ebbenzersson (sign)

Tómas Sigurgeirsson (sign)

Þráinn Hjálmarsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)